



Áætlun um innleiðingu nýrrar aðalnámskrár

Þelamerkurskóli Hörgársveit

Þelamerkurskóli hefur gert sér áætlun um innleiðingu nýrrar aðalnámskrár grunnskóla. Innleiðingin hófst á vorönn 2011 og þessi áætlun nær til áramóta 2013 og 2014 og verður þá endurskoðuð.

Áætlun um innleiðingu nýrrar aðalnámskrár

Inngangur

Í framhaldi af setningu nýrra laga árið 2008 um leik- [grunn](#)- og framhaldsskóla hefur mennta- og menningarmálaráðuneyti unnið að innleiðingu menntastefnunnar sem þar er mörkuð. Undirstaða þeirrar vinnu er útgáfa nýrra aðalnámskráa fyrir skólastigin þrjú.

Í aðalnámskrám eru skilgreindir sex grunnþættir í menntun sem eiga sér stoð, hver með sínum hætti, í löggjöf fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru, einnig um framtíðarsýn, getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa. Þeim er ætlað að undirstrika meginatriði í almennri menntun og stuðla að meiri samfellu í öllu skólastarfi. Grunnþættir í menntun eru: Læsi í víðum skilningi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Grunnþættirnir eru skilgreindir í sameiginlegum inngangskafli í aðalnámskrá leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Þeir tengjast öllum námsgreinum grunnskóla og eru leiðarljós í almennri menntun og starfsháttum ásamt lögbundnum áhersluþáttum, m.a. sjálfsvitund, siðgæðisvitund, félagsvitund, borgaravitund og félagsfærni.

Ný aðalnámskrá grunnskóla skipar lögbundnum námsgreinum á námssvið sem hér segir: Erlend tungumál, list- og verkgreinar, náttúrugreinar, skólaíþróttir, samfélagsgreinar og upplýsinga- og tæknimennt. Auk þess eru sérstakar ráðstöfunarstundir skóla í 1.–7. bekk og val nemenda í 8.–10. bekk. Kynnt er ný viðmiðunarstundaskrá sem veitir skólum meiri sveigjanleika í skipulagi skólastarfs. Ein helsta breytingin er að val nemenda á unglingastigi verður í 8.-10. bekk verður allt að fimmtungur námstímans. Nú er unnið að gerð námsgreinahluta aðalnámskrár grunnskóla og stefnt er að útgáfu þeirra fyrir lok þessa skólaárs.

Í grunnskóla skal leggja mat á hæfni nemenda innan hvers námssviðs og á það við jafnt í bóklegu námi, verknámi og listnámi. Í aðalnámskránni er kynntur nýr matskvarði með fjórum flokkum, A–D. Matskvarðinn er tvískiptur, annars vegar kvarði fyrir mat á hæfni á hverju námssviði og hins vegar mat á lykilhæfni við lok grunnskóla. Viðmið í námsmati innan hvers námssviðs eða hverrar námsgreinar verða skilgreind nánar í námsgreinahlutanum. Matskvarðann ber að nota við brautskráningu nemenda úr grunnskóla. Einnig má nota hann við lok 4. og 7. bekkjar og almennt í námsmati grunnskóla. Kvarðann má laga að skólanámskrá hvers skóla og aðstæðum hverju sinni.

Nýjar aðalnámskrár fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla eru aðgengilegar á vefsíðu ráðuneytisins, <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing/efni/namskrar/>

Kennarar og stjórnendur Þelamerkurskóla hafa frá haustdögum 2012 unnið markvisst að því að kynna sér og innleiða áherslur nýrrar aðalnámskrár sú vinna byggir á þeirri áætlun sem hér er skráð.

Áætlun um innleiðingu nýrrar aðalnámskrár

Þáttur aðalnámskrár	Hvernig	Hvenær	Afrakstur	Bjargir
<u>Almenni hluti aðalnámskrár</u>	<u>Fyrsta kynning</u> : samlestur í hópum. Efninu skipt á milli hópa	21. mars 2011	Kynning og samræður um nýjar áherslur. Hverjar eru áskoranir okkar?	Kennarafundatími í bundinni viðveru (úr 4,14).
	<u>Hver og einn kennari</u> les og merkir við það áhugaverðasta og skráir ígrundun.	1.-8. febrúar 2012	Undirbúningur fyrir hópastarf 13. febrúar. Hver er mesta nýjungin fyrir okkur?	Kennarafundatími í bundinni viðveru (úr 4,14) og endurmenntunartími.
	<u>Hópastarf kennara</u> : Hvað er merkilegast í almenna hluta nýrrar aðalnámskrár? Hver er mesta nýjungin/áskorunin fyrir okkur? Hvar eigum við að byrja? Hóparnir hittast og berum saman bækur sínar.	13. febrúar 2012	Niðurstaða um á hvaða hluta þurfi að byrja í innleiðingunni	Kennarafundatími í bundinni viðveru (úr 4,14) Útgáfa mmr. á alm. hluta aðalnámskrár. 1 eint. pr. kennara.

Áætlun um innleiðingu nýrrar aðalnámskrár

Páttur aðalnámskrár	Hvernig	Hvenær	Afrakstur	Bjargir
<u>Grunnþættir menntunar</u>	<u>Hópastarf kennara:</u> stöðumat; hvernig stöndum við okkur í hverjum grunnþætti í núverandi starfi?	Fyrir hádegi á starfsdegi á öskudegi 2012.	Skráning á stöðu skólans í hverjum grunnþætti og	Tími á starfsdegi kennara. Vinnuskjal frá stjórnendum (broskallaskjalið).
	<u>Hver og einn kennari</u> les og merkir við það áhugaverðasta og skráir ígrundun.	Febrúar 2013	Undirbúningur fyrir hópastarf á öskudegi	Kennarafundatími í bundinni viðveru (úr 4,14) og endurmenntunartími.
	<u>Hópastarf kennara:</u> Hvar kreppir skóinn í grunnþáttum menntunar okkar starfi?	Öskudagur 2013	Samkomulag kennara um hvaða grunnþáttur hafi forgang næsta vetur.	Tími á starfsdegi kennara. Ritröð mmr. um grunnþætti menntunar. 1 eint. pr. kennara.
	<u>Hver og einn kennari</u> kemur áherslum grunnþátta fyrir í námskrám námshópa. Kynning í <i>Sýnt og sagt frá</i> á haustdögum 2013.	Haustönn 2013	Námskrár námshópa sem bera keim af grunnþáttunum. Kynningar námskránna. Birting á heimasíðu skólans.	Undirbúningstími kennara. Kennarafundatími í bundinni viðveru (úr 4,14).
	<u>Stýrihópar</u> myndaðir um grunnþættina. Tveir grunnþættir í hvern stýrihóp.	Skólaárið 2013-2014	Greinargerð um hvernig grunnþáttunum er komið fyrir í starfi skólans. Birting í skólanámskrá.	Kennarafundatími í bundinni viðveru (úr 4,14).

Áætlun um innleiðingu nýrrar aðalnámskrár

Páttur aðalnámskrár	Hvernig	Hvenær	Afrakstur	Bjargir
Nýtt námsmat	<u>Hugstomun kennarahópsins</u> um hugmyndir að nýjum leiðum í námsmati.	Öskudagur 2012	Hugmyndir að nýjum leiðum í námsmati.	Starfsdagur kennara.
	<u>Erindi</u> um námsmat í Giljaskóla. Jón Baldvin Hannesson skólastjóri.	20. febrúar 2012	Hugmyndir í sarpinn.	Kennarafundatími í bundinni viðveru (úr 4,14).
	<u>Skólaheimsóknir út með firði</u> : leiðsagnarmat í Fjallabyggð og Allir í mat! þróunarverkefni Dalvíkurskóla.	27. febrúar 2012	Hugmyndir í sarpinn.	Endurmenntunartími.
	<u>Úrvinnsla sarpsins</u> hópastarf.	7. mars 2012	Forgangurlisti vegna námsmats.	Kennarafundatími í bundinni viðveru (úr 4,14).
	<u>Hópfundur</u> um forgangslista hópanna.	4. júní 2012	Samkomulag um fyrirkomulag námsmats samkv. nýrri aðalnámskrá.	Tími á starfsdegi.
	<u>Stýrihópur</u> um nýtt námsmat – 3 kennarar mynda stýrihóp um námsmatið.	Skólaárið 2012-2013	Fyrirkomulag nýs námsmats kynnt kennurum, nemendum og foreldrum. Birt á Mentor og heimasíðu skólans í nóv. 2012. Endurskoðað júní 2013.	Kennarafundatími í bundinni viðveru (úr 4,14) og launaflokkar úr potti.

Áætlun um innleiðingu nýrrar aðalnámskrár

Þáttur aðalnámskrár	Hvernig	Hvenær	Afrakstur	Bjargir
Námskrár faggreina	Hver og einn kennari les drög að námskrá í samfélagsgreinum	Ágúst 2012	Undirbúningur fyrir Samskóladaginn	Endurmenntunartími kennara rafræn útgáfa af námskránni.
	Erindi um drög að námskrá í samfélagsgreinum.	Samskóladagurinn 22. ágúst 2012.	Nýjar hugmyndir um kennslu samfélagsgreina.	Endurmenntunartími.
	Samlestur kennara. Hópaskiptingar eftir fögum.	Starfsdagar í júní og ágúst 2013.	Hvað er brýnast? Hverju þarf að breyta í stundaskrá og námskrá skólans?	Útgáfa námskrár faggreina og tími á starfsdegi.
	Hver og einn les námskrár faggreina sem hann kennir veturinn 2012-2013. Ígrundun hvers: Hverju breyta nýjar námskrár í kennslu minni? Hvað þarf til?	Eftir að skóla lýkur vorið 2012 og á undirbúningstíma í ágúst 2013.	Kynning á ígrundun. Nýjar áherslur í námsáætlun námshópanna.	Endurmenntunartími kennara. Undirbúningstími í ágúst 2013. Fjárveitingar til endurmenntunar (hugsanleg námskeið)
	2 umræðufundir í mánuði um nýjar námskrár eftir fögum	Á kennarafundum haustannar 2013.	Nýjar áherslur í námsáætlun námshópanna. Birtar á heimasíðu skólans.	Kennarafundatími í bundinni viðveru (úr 4,14).